

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegi 1-3,  
850 Hellu

Garðabær, 12. ágúst 2025  
202508-0022/A.B.  
08.04

## Efni: Ósk um umsögn - Framkvæmdaleyfi - undirbúningsframkvæmdir Hvammsvirkjunar í Rangárþing ytra.

Vísað er í erindi skipulags – og byggingafulltrúa Rangárþings ytra, dags. 11. ágúst 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna umsóknar Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi fyrir undirbúningsframkvæmdir við Hvammsvirkjun, 95 MW, í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsóknin tekur til framkvæmda sem þegar eru hafnar og hafa ekki áhrif á vatnshlot. Fyrir liggur virkjunarleyfi til bráðabirgða frá Umhverfis- og orkustofnun, dags. 11. ágúst 2025.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis í deiliskipulagi Hvammsvirkjunar sem tók gildi í desember 2021. Allar fyrirhugaðar undirbúningsframkvæmdir samkvæmt umsókn eru staðsettar í Rangárþingi ytra og eru í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Verkið felst í nýbyggingu aðkomuvegar Hvammsvirkjunar, efnisvinnslu vegna vegagerðar og annarra framkvæmda verkkaupa í nágrenni framkvæmdasvæðis (þ.m.t. efnisvinnslu fyrir Búðafossvog). Með aðkomuvegi skal leggja 11 kV rafstreng, hitaveitulagnir, vatnsveitulagnir og ljósleiðararör. Vegkaflinn sem hér um ræðir er um 2,8 km langur vegur frá syðri enda núverandi Hvammsvegar (st. 2700) að fyrirhugaðri Hvammsvirkjun við Þjórsá (st.5550). Í verkinu er einnig um að ræða haugsetningu á fyllingarefni og efnisvinnslu á styrktarlagsefni, burðarlagsefni og klæðingarefni fyrir framkvæmd þessa sem og aðrar framkvæmdir á vegum verkkaupa í nágrenni við framkvæmdasvæðið. Efnisvinnsla felur í sér sprengingar og forskurð á bergi í fyrirhuguðum frárennslisskurði Hvammsvirkjunar.

### Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdarsvæðisins er hraun og kallast það Þjórsárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun

þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið við gerð framkvæmdarleyfisins og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þó að framkvæmdasvæðið sé aðeins brot af heildarstærð hraunsins og þó að nærliggjandi svæðum hafi verið raskað þá réttlætir sú staðreynd ekki frekara rask. Nauðsynlegt er að fjalla um forsendur staðarvals sbr. viðmið lagaákvæðisins.

Náttúruverndarstofnun bendir á að við valkostagreiningu þarf að huga að því að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

## **Friðland í Viðey**

Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrir utan framkvæmdasvæðið, í Þjórsá, er Viðey sem er friðlýst sem friðland samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í auglýsingu um friðlýsingu Viðeyjar nr. 850/2011 segir m.a.: „Viðey í Þjórsá er sérstök m.a. vegna þeirrar umgerðar sem straumþung áin veitir. Mikilvægi svæðisins felst einnig í möguleika á samanburði t.d. birkisins, sem þar hefur vaxið án teljandi áhrifa mannsins, við birki annarsstaðar í landinu. Í Viðey hafa fundist yfir 70 háplöntutegundir, þar af tvær tegundir sjaldgæfar á landsvísi.“ Um markmið friðlýsingarinnar segir: „Markmið friðlýsingarinnar er að vernda náttúrulegan, lítt snortinn og gróskumikinn birkiskóg ásamt því lífríki sem honum fylgir. Einnig er markmið friðlýsingarinnar að vernda erfðaeiginleika og erfðafjölbreytileika birkisins og annars gróðurs í eygni. Markmið friðlýsingarinnar er enn fremur að treysta verndargildi Viðeyjar í Þjórsá, sérstaklega vísinda- og fræðslugildi.“ Náttúruverndarstofnun bendir á að í Viðey eru mikil náttúruverðmæti sem mikilvægt er að vernda eins og kostur er og að það verði haft í huga á fyrstu stigum framkvæmdar. Stofnunin leggur áherslu á að hugað verði strax í upphafi framkvæmda á svæðinu hvernig stemmt verði stigum við hugsanlegum neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á friðlandið í Viðey.

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að helstu áhættuþættir fyrir friðlandið tengist truflun á fuglalífi vegna hávaða, mannaferða og aukinnar umferðar, sem og áfoki og setmyndun sem geti haft áhrif á vistkerfi eyjunnar. Þótt undirbúningsframkvæmdirnar samkvæmt umsókn hafi ekki bein áhrif á vatnshlot eða Viðey, er mikilvægt að gripið sé til mótvægisáðgerða strax frá undirbúningsstigi, t.d. með jarðvegsbindingu, takmörkun framkvæmdatíma og vöktun mögulegra óbeinna áhrifa á friðlandið.

## **Fuglalíf**

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé fyrst og fremst sandorpið hraun og því ólíklegt að þar sé ríkulegt fuglalíf. Náttúruverndarstofnun bendir þó á að framkvæmdasvæðið er hluti af hinu víðfeðma Suðurlandsundirlendi, sem er mikilvægt fuglasvæði á landsvísi, m.a. fyrir farfugla og varpfugla. Allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nema friðun hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Við framkvæmdir skal ávallt gæta fyllstu varkárni gagnvart fuglum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun, sbr. 2. mgr. 6. gr. sömu laga.

## **Bakkagróður**

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdir séu ekki í eða við vatnsfarveg. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu ár- og vatnsbakkar og gróður á þeim njóta verndar gegn röskun. Þótt framkvæmdirnar nái ekki að vatnsbökkum, er mikilvægt að við framkvæmd og efnistöð verði komið í veg fyrir jarðvegseyðingu, uppblástur og áfok sem geti haft óbein áhrif á bakkagróður í nágrenni. Í áliti Skipulagsstofnunar er lögð áhersla á jarðvegsbindingu og gróðursetningu sem mikilvæg aðgerðir til að draga úr áfoki, bæði á framkvæmdatíma og eftir verklok, og á það við einnig um undirbúningsframkvæmdirnar. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að við gróðursetningu sé einungis notast við staðargróður.

## **Vöktun**

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að:

- Vöktunaráætlun verði virk frá fyrsta degi framkvæmda og nái til mögulegra óbeinna áhrifa á friðlandið í Viðey, fuglalíf á Suðurlandsundirlendi og bakkagróður.
- Byggt verði á ábendingum úr áliti Skipulagsstofnunar um að hefja vöktun á gróðri, fuglalífi og áfoki þegar á fyrsta framkvæmdatíma.<sup>1</sup>
- Sveitarfélagið kalli reglulega eftir vöktunargögnum á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum lýkur.
- Viðbragðsáætlun sé til staðar ef mælingar sýna frávik eða ófyrirséð umhverfisáhrif.
- Niðurstöður vöktunar verði gerðar opinberar svo tryggt sé gagnsæi og eftirfylgni.

### Frágangur

Að mati Náttúruverndarstofnunar er jákvætt að frágangur og haugsetning sé fyrirhuguð með áherslu á uppgræðslu og endurnýtingu efnis. Hins vegar er mikilvægt að:

- Landmótun og uppgræðsla verði útfærð með það að markmiði að ásýnd svæðisins samræmist sem best náttúrulegu landslagi.
- Byggt verði á ábendingum úr áliti Skipulagsstofnunar um að velja haugsetningarsvæði með hliðsjón af ásýnd úr fjarlægð og frá helstu áningarstöðum, og að tryggja að landmótun taki mið af náttúrulegu formi landsins.
- Haugsetningarsvæði verði valin og mótuð þannig að þau verði ekki sýnileg úr fjarlægð eða frá helstu áningarstöðum.
- Uppgræðsla nýti staðargróður og fræ úr nágrenni til að tryggja sem mestan árangur og samræmi við gróðurfar svæðisins, auk þess ætti ekki að nota ágengar tegundir eins og lúpínu.
- Framkvæmdum við frágang fylgi virkt eftirlit, með reglubundnum vöktunarskýrslum, þar til ásætlanlegt gróðurpekju- og landslagsástand hefur náðst.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Hákon Ásgeirsson  
*sviðsstjóri*

---

<sup>1</sup>

<https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/4JxjylrWCfaLUvDtTTgYRA/f4d2000c60a67b3b18badd1a8413a312/201702047.pdf>